

Fundargerð

Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 6. apríl 2022.

Staður: Fundarherbergi / skrifstofa 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Hófst kl.16.35 og lauk kl.18.00.

Mættir: Hrafnkell Marinósson, Ragnar Hilmarsson, Anna Lilja Sigurðardóttir, Sýlvía Ósk Speight, Már Sveinbjörnsson, Aðalbjörg Óladóttir, Magnús Gunnarsson, Arnfríður Kristín Arnardóttir og Viðar Halldórsson.

Dagskrá:

1. Kynning og fræðsla á nýju skilakerfi ÍSÍ og UMFÍ

Fór fram þriðjudaginn 5. apríl 2022 í félagssal Sundfélags Hafnarfjarðar í Ásvallalaug. Starfsmaður ÍSÍ Elías Atlason sá um kynninguna á nýja starfsskýrslukerfinu sem verður í gegnum Sportabler. Hætt verður að nota Felixkerfið. Gefin verður út góð handbók með kerfinu, en allar frekari upplýsingar gefur Elías í netfanginu elias@isi.is. Skilafrestur á starfsskýrslum ÍSÍ í nýtt kerfi var framlengdur úr 15. apríl í 1. maí 2022.

2. Afgreiðsla umsóknar ÍBH um skráningu á almannaheillaskrá Skattsins

Umsóknin var samþykkt 28. mars sl., en bent var á að laga þyrfti núverandi samþykktir (lög) fyrir árslok og setja inn skýrara ákvæði varðandi ráðstöfun eigna við slit félagsins (bandalagsins) og í samræmi við markmið þess.

3. Skýrsla nefndar stjórnar ÍBH um íþróttakynningar og samfélagsmiðla

AÓ fór yfir skýrsluna. Spurningalisti til félaga / deilda um Bjarta daga og samfélagsmiðla var sendur á 32 netföng, svör bárust frá 22.

4. Fulltrúaráðsfundur ÍBH vor 2022

Umræður um dagsetningu, stað, efni, fyrirlesara. Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að undirbúningi fundarins.

5. Skotþing verður haldið 2. apríl 2022 í Íþróttamiðstöð ÍSÍ Laugardal Reykjavík

Lagt fram til kynningar.

6. Hnefaleikaping verður haldið 2. apríl 2022 í Íþróttamiðstöð ÍSÍ Laugardal Reykjavík

Lagt fram til kynningar.

7. Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands tekur undir ályktun

Alþjóðaólympíunefndarinnar (IOC)

Lagt fram til kynningar.

8. Ráðstefna um heilahristing

Lagt fram til kynningar.

9. Úthlutun ríkisstyrks til sérsambanda ÍSÍ

Lagt fram til kynningar.

10. Sameiginleg yfirlýsing ráðherra íþróttamála 37 ríkja

Lagt fram til kynningar.

11. Blakþing verður haldið 27. apríl 2022 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal Reykjavík

Lagt fram til kynningar.

12. Ályktun framkvæmdastjórnar ÍSÍ vegna umræðu um þjóðarleikvanga

Lagt fram til kynningar.

13. Heimsókn í Miðgarð fjölnota íþróttahús í Garðabæ

Stjórn ÍBH þakkar starfsmanni íþróttahússins fyrir kynninguna og óskar Garðabæ til hamingju með glæsilegt íþróttamannvirki. Ennfremur er Kára Jónssyni íþróttafulltrúa Garðabæjar þakkað fyrir samstarfið við heimsóknina.

14. Önnur mál

a). AKA sagði frá myglu sem komin er upp í húsnæði Brettafélags Hafnarfjarðar og hefur leitt til þess að framkvæmdastjóri og stjórnarfolk getur ekki unnið í húsinu. Ástandið er það alvarlegt að iðkendur geta ekki æft í bretta- / hjólasal. Félagið hefur átt fund með Hafnarfjarðarbæ og upplýst um ástandið og óskað eftir því að fundin verði lausn sem er ásættanleg.

Stjórn ÍBH lýsir yfir áhyggjum af aðstöðumálum Brettafélags Hafnarfjarðar og hvetur Hafnarfjarðarbæ til að vinna að lausn málsins í samvinnu við félagið strax.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.